

EYSTRAHORN

6. tbl. 44. árgangur 24. júní 2026



FRÁ RITSTJÓRA GLEÐILEGA HUMARHÁTÍÐ!

Humarhátíð verður ekki til af sjálfu sér. Hún verður til af fólki sem mætir, tekur þátt, leggur hönd á plóg og gerir eitthvað, stórt eða smátt, eftir því sem hver getur hverju sinni.



Nefndin sem stóð að hátíðinni árið 2018. Efst frá vinstri: Júlíus Sigfússon, Kristín Vala Prastardóttir, Jónína Ágústsdóttir, Kristín G. Gestsdóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Emil Örn Moravék, Vilhjálmur Magnússon, Tjörvi Óskarsson og Kristjón Elvarsson.

Það er stundum sagt að það sé alltaf sama fólkíð sem geri allt og það er auðvitað eitthvað til í því. En það þarf ekki að vera þannig. Allir mega vera með. Ekki endilega í nefnd, ekki endilega með risastórt atriði á dagskrá, heldur bara með því að taka þátt, mæta, bjóða fram hjálp, koma með hugmynd eða skapa smá stemningu.

Sumarið 2017 fannst okkur Tjörva að við yrðum að taka þátt á einhvern hátt. Á þeim tíma fannst mörgum Humarhátíð hafa aðeins misst flugið. Dagskráin var einfaldari en áður og umræðan í bænum bar þess merki að fólk saknaði þess að sjá meiri þátttöku heimamanna.

Við ákváðum því að vera með atriði á dagskrá og úr varð Heimatjaldíð. Við hóuðum saman nokkrum hornfirskum tónlistarmönnum sem voru tilbúnir að taka

lagið, leigðum viðburðartjald, keyptum nokkra kúta af bjór, redduðum leyfi fyrir áfengissölu og auglýstum viðburðinn í dagskrá Humarhátíðar. Við nutum góðs af frábærum sjálfböðaliðum og nokkrum styrktaraðilum og tókst að halda þessu á núlli.

Þetta var ekki stórt í sniðum, en það skipti máli. Það var okkar leið til að segja: við viljum vera með.

Hugmyndin þróaðist og árið 2018 buðum við okkur fram í Humarhátíðarnefnd. Okkur langaði að sjá hvort ekki væri hægt að blása meira lífi í hátíðina og kveikja aftur gamla neistann. Þar kom saman góður hópur fólks sem var tilbúið að leggja sitt af mörkum og prófa sig áfram.

Upphaflegi hópurinn hafði þó ekki mikla

reynslu af því að skipuleggja Humarhátíð og úr varð að við fengum Kristínu Gests með okkur. Ég man enn þegar ég pikkaði í hana á miðri Skólabrú, þar sem hún var á leið heim úr vinnunni, og spurði hvort hún gæti ekki verið sérlegur ráðgjafi nýrrar nefndar. Ég vissi vel að hún væri rétta manneskjan, enda búin að standa að baki hátíðinni á upphafsárum hennar. Hún var nú ekki alveg sannfærð, enda búin að skila sínu, en féllst á að koma á einn fund og gefa okkur góð ráð. Það var bara svo gaman á fyrsta fundinum að úr varð að hún varð hluti af nefndinni og hefur ekkert gefið eftir undanfarin ár, meðal annars með árlegum Morávekpalli þeirra Jóa.

Það er einmitt þetta sem gerir svona hátíðir dýrmætar. Reynslan frá þeim sem hafa gert þetta áður, krafturinn frá þeim sem koma ný inn og viljinn til að gera eitthvað saman.

Humarhátíð þarf ekki að vera fullkomin. Hún þarf fyrst og fremst að vera lifandi. Hún þarf fólk sem mætir og tekur þátt.

Ef einhver situr heima þetta árið og hugsar með sér að það vanti eitthvað í dagskrána, þá er kannski hugmynd fyrir næstu hátíð að fæðast?



GUÐRÚN ÁSDÍS

Ritstjóri



HRÓSIÐ

Við hvetjum lesendur sem vilja hrósa eða þakka fyrir eitthvað í okkar samfélagi til að senda tölvupóst á eystrahorn@eystrahorn.is.

HUMARHÁTÍÐ

Hrósið frá mér fær fólkið sem hefur staðið vaktina á Humarhátíðinni undanfarin ár. Fólkið sem stendur á bak skipulagningu hátíðarinnar fyrir okkur heimamenn. Þetta er ólaunað starf með öllu og unnið í sjálfböðavinnu fyrir samfélagið. Allir sem standa vaktina yfir helgina og sjá til þess að hátíðin fari vel fram. Án ykkar væri engin Humarhátíð. Þið vinnið kraftaverk á hverju sumri, samhliða ykkar eigin vinnu, barnauppleði og fórnir ykkar eigin tíma í að skemmta okkur hinum.

Takk fyrir mig,

Kristín G Gestsdóttir



Humarhátíðarnefnd árið 2025

GÓÐ ÞJÓNUSTA

Ég vil hrósa verkstæðinu hjá Ögmundi og Kristófer. Gott viðmót og vinnubrögð, snyrtimennska og það sem manni er sagt er að marka! Flott fyrirtæki.

Sömuleiðis vil ég hrósa Janine dýralækni fyrir öll góðu samskiptin, afgreiðslu á lyfjum þegar þörfin kallar og almennri fagmennsku. Það verður regluleg eftirsjá að henni þegar hún hættir hér í sumar. Takk fyrir allt Janine og vonandi fáum við góðan og færán dýralækni - annað væri afturför.

Kristín Jónsdóttir



Verkstæði Ögmunds ehf.



Janine Arens dýralæknir

KASK
Flutningar

**Daglegar ferðir milli
Hafnar og Reykjavíkur
Sími: 470 8220**

ATLAGA AÐ ÍSLANDSMETUM Á VÍGSLUMÓTI VÍSISVALLAR

Aðsend grein: Bjarni Malmquist Jónsson

Um næstu helgi verður sannkölluð frjálsíþróttaveisla í Suðursveit þegar Ungmennafélagið Vísir heldur Vígslumót Vísisvallar við Hrollaugsstaði. Mótið er haldið nákvæmlega einu ári eftir fyrstu skóflustungu að nýjum frjálsíþróttavelli félagsins og markar tímamót í íþróttasögu svæðisins.



Vígsluhelgin hefst föstudaginn 26. júní klukkan 13:00 með dagskrá í tilefni af Alþjóðlega Ólympíudeginum í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí). Börnum og ungmennum verður boðið að taka þátt í fjölbreyttum íþróttagreinum, leikjum og hreyfingu við allra hæfi.

Frjálsíþróttamótið sjálf fer fram laugardaginn 27. og sunnudaginn 28. júní. Setningarathöfn hefst klukkan 10:00 á laugardagsmorgni og fyrstu keppnisgreinar hefjast klukkan 10:30.

Willum Þór Þórsson, forseti ÍSí, ásamt hluta stjórnar sambandsins mun heiðra samkomuna með nærveru sinni við vígslu vallarins. Keppt verður í öllum stökk- og kastgreinum frjálsíþróttar auk 60 metra hlaups og 60 metra grindahlaups. Keppt verður í aldursflokkum 10-11 ára, 12-13 ára, 14-15 ára og fullorðinsflokki. Einnig fá 9 ára og yngri tækifæri til að spreyta sig í 60 metra hlaupi og boltakasti.

Þótt margt af fremsta frjálsíþróttafólki landsins verði meðal keppenda er mótið opið öllum. Mótshaldarar hvetja börn, ungmenni og fullorðna til að skrá sig og taka þátt, hvort sem markmiðið er að elta Íslandsmet eða einfaldlega njóta þess að keppa á nýjum frjálsíþróttavelli. Skráning fer fram á meets.rosterathletics.com og er skráningarfræstur til miðnættis fimmtudaginn 25. júní.

Keppendur víðsvegar af landinu hafa skráð sig til leiks, meðal annars frá Ármanni, FH, Fjölni, ÍR, Mána, Sindra, Dímon og fleiri félögum. Þar munu mætast afreksmenn fortíðar, nútíðar og framtíðar á einum og sama keppnisvelli.

Meðal þeirra sem þegar hafa boðað komu sína er Hera Christensen, núverandi Íslandsmethafi í kringlukasti kvenna,



Vísivöllur við Hrollaugsstaði verður vígður um næstu helgi með fjölbreyttri dagskrá og frjálsíþróttamóti þar sem fremsta frjálsíþróttafólk landsins verður meðal keppenda.

sem mun freista þess að bæta eigið Íslandsmet. Þá hafa nokkrir af sterkustu spretthlaupurum landsins skráð sig í 60 metra hlaup karla og telja mótshaldarar raunhæfan möguleika á að Íslandsmetið í greininni verði bætt á mótinu. Þar ber helst að nefna Kristófer Þorgrímsson sem er meðal þeirra sem eiga raunhæfan möguleika á að gera atlögu að núverandi Íslandsmeti.

Eitt af því sem vekur sérstaka athygli er stangarstökkkeppnin. Í fyrsta sinn verður keppt í stangarstökki í Suðursveit við nútíma aðstæður og aðeins í annað sinn á þessari öld innan USÚ. Nokkrir af fremstu stangarstökkvurum landsins eru skráðir til leiks og eiga möguleika á að stökkva yfir fimm metra markið.

Önnur grein sem vekur sérstaka athygli er 60 metra hjólastólasprettur, en slík keppni sést sjaldan á íslenskum frjálsíþróttamótum.

Lýsing á mótinu verður í höndum Sigurbjörns Árna Arngrímssonar sem mun fylgja keppendum og áhorfendum í gegnum dagskrána alla helgina.

Mótið er skráð í Global Calendar hjá World Athletics og verður því í fyrsta sinn hægt að ná alþjóðlega skráðum árangri á frjálsíþróttamóti í Suðursveit við fullgildar keppnisaðstæður.

Mótshaldarar hvetja alla áhugasama til að leggja leið sína að Vísisvelli um helgina, fylgjast með fremsta frjálsíþróttafólki landsins og taka þátt í þeirri gleði sem fylgir því þegar nýr kafli hefst í íþróttasögu Suðursveitar.

*Bjarni Malmquist Jónsson
Formaður USÚ og Umf. Vísir*

MÝS EÐA MENN?

Við eigum land sem feður okkar fundu fjarri hinum suðlægari ströndum. Þeir reistu byggð svo langt frá öðrum löndum í lágum kotum út með klettadröngum en elskuðu landið frá hinni fyrstu stundu.

Við eigum land með auðlegð hafs og dala, unaðsreiti, jökulhvel og tinda. Úti á miðum sjávarfiskar synda, svífa í lofti fuglar meðal vinda. Í blómskreyttri fjallshlíð lækirnir litlu hjala.

Við áttum land sem Íslendingar misstu, erlendu valdi þurftum við að hlíta. Hér var um aldir fátt að brenna og bíta, beztu miðin aðrir fengu að nýta, soltnir menn á konungafætur kysstu.

Við endurheimtum land sem hafði lengi lotið valdi fjarri okkar ströndum. Soltin þjóð var loksins leyst úr böndum, líf og gæfa varð í eigin höndum. Landið og hafið léku á hörpustrengi.

Við eigum land sem ýmsir vilja gefa, Evrópa með náðarfaðminn bíður. Næðir í sumar vetrarstormur stríður stattu nú fast á móti æskulýður. Örlaganornir eru að spinna og vefa.

Við eigum land sem áfram þarf að vera utan hinna gylltu tjóðurbanda. Munum þá sem fullir frelsisanda fluttu ljósið aftur heim til stranda, kyndil sem áfram eigum við að bera.

*Guðbjartur Össurason,
í júní 2026*



Borðbekkir

Útihúsgögn.is

ÚTI ALLT ÁRIÐ OG FJÚKA EKKI

handsmíðuð húsgögn úr gæðavið



Carðbekkir



Borðsett 4-12 manna



Hringborð - plankar



Kaffiborðsett

STERK OG STÖÐUG GÆÐAVARA

- Heimili og sumarhús
- Bæjarfélög og opin svæði
- Gistiheimili og hótél



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ OG
HAFÐU SAMBAND

info@utihusgogn.is



„VIÐ EIGUM AÐ SEGJA SÖGUR SEM BINDA HIÐ LIÐNA VIÐ FRAMTÍÐINA“

Aðsend grein: Þorbjörg Arnórsdóttir

Þórbergssetur hefur nú starfað í 20 ár þann 1. júlí næstkomandi. Stór og mikil opunarhátíð var haldin 30. júní 2006. Þannig týnist tíminn í kringum okkur og flýgur áfram, og ef litið er til baka er margt að rifja upp og fjöldi viðburða og atburða sem einkennt hafa starfsemina undanfarin 20 ár.

Þar bera hæst ótal málþing, listviðburðir, sýningar og gönguferðir þar sem andi Þórbergs hefur svifið yfir, en einnig hefur Þórbergssetur veitt ótal styrki til menningarmála svo sem bókaútgáfu sem tengist héraðinu, listsköpunar, kvikmyndagerðar og stutt við menningarstarf hér heima fyrir.



Í tilefni afmælisins verður starfsemin blómleg þetta ár. Segja má að Jón Hjartarson leikari hafi riðið á vaðið með stórkostlegum einleik sínum úr Sálminum um blómið í febrúarmánuði - sú kvöldstund var að mínu mati hápunktur starfseminnar hér í Þórbergssetri síðastliðin 20 ár. Veglegt málþing var síðan haldið í lok marsmánaðar, - samstarf við Framhaldsskóla Austur-Skaftafellssýslu hófst eftir áramótið og fjarnám tengt verkum Þórbergs Þórðarsonar var vel sótt og fjölmenn bridgéhátíð var að vanda í apríl.

Gísli Sverrir Árnason hefur frá því um áramót unnið að skráningu allra muna í Þórbergssetri í safnaforritið Sarp, með aðstoð Björns Gísla Arnarsonar myndatökumanns, - einnig skráningu bókasafns og gjafa sem borist hafa til Þórbergsseturs í öll þessi ár. Það er víða sem Þórbergur og verk hans koma fram og ævinlega fylgir góður hugur og skemmtileg kynni og frásagnir frá þeim sem koma í Þórbergssetur færandi hendi og gjarnan með ólíkar gjafir til varðveislu. Það kallar aftur á móti á skyldur okkar að standa vel að skráningu og varðveislu muna - oft er um mikil menningarleg verðmæti að ræða og einlægar tilfinningar sem fylgja afhendingu en jafnframt ánægja viðkomandi gefenda að geta lagt eitthvað



Jón Hjartarson leikari í Umskiptingastofunni. Mynd úr safni Þórbergsseturs

af mörkum til minningar um þau Þórberg og Margréti eiginkonu hans.

Í sumar verða settar upp tvær nýjar sýningar í Þórbergssetri. Listasafn A.S.Í. bauðst til að lána í tilefni 20 ára afmælisins nokkur málverk frægra listamanna úr listaverkasafni Þórbergs og Margrétar sem þau hjónin ánöfnuðu Listasafni alþýðu á sínum tíma. Það verða því breytingar á Hringbrautinni og Umskiptingastofan fær tímabundið á sig svip myndlistar í bland við bókmenntaarfinn. Einnig verður sett upp ljósmyndasýning í Eystri sal með jöklalistaverkum sem Þorvarður Árnason lét birtast í linsuopi myndavélar sinnar síðustu 20 árin á samfelldu flakki um jöklalandslag sýslunnar, - á sýningu hans verða aðallega myndir frá Breiðamerkursandi og jöklaupplifun hans þar.

”

Það er því alltaf ástæða til að kíkja við í Þórbergssetri og sjá eitthvað nýtt á menningarsviðinu.

María Sjöfn listakona verður starfandi í júlímánuði við leiðsögn í Þórbergssetri og um að gera að njóta vel leiðsagnar hennar um staðinn.

Davíð Birgisson ungur háskólanemi í málvísindum hefur setið við síðustu vikunna að skrá Esperantóbókasafn Íslands sem telur þúsundir bóka, bæklinga og tímarita og barst til varðveislu í Þórbergssetur fyrir tveimur árum. Bókasafnið skreytir vesturvegg Eystri salar í Þórbergssetri í falllegum sérsníðuðum bókaskápum í stíl við bókaskápa Þórbergs.

Esperantósamband Íslands veitti styrk í þetta verkefni og ánafnaði Þórbergssetri safnið til varðveislu. Segja má að misjafnt hafist menn að í sveitum landsins, en tungumálið esperantó er alþjóðamál sem ruddisértilrúmsíveröldinni eftir aldamótin 1900. Með esperantó opnuðust Þórbergi hulduheimar heimsbókmenntanna og merkilegir menningarstraumar bárust til Íslands á árunum fyrir heimsstyrjöldina síðari með innleiðingu þess.

VIÐBURÐIR FRAMUNDAN

Tónleikar í samstarfi við Kálfa-fellsstaðarkirkju verða að kvöldi 29. júlí á Ólafsmessu og nú mætir Bjartmar Guðlaugsson hress að vanda og verður með okkur þessa kvöldstund, auk þess sem gengið verður að Völvuleiðinu undir Hellaklettum ef veður leyfir.

Stórt og mikið afmælisþing verður síðan haldið 25. október í Þórbergssetri.

Þar verður m.a. frumflutt kvikmynd þar sem eru viðtöl við fjóra merka Íslendinga um Þórberg og tengsl þeirra við hann og Margréti konu hans. Efni þetta hefur ekki birst áður en það eru þau Guðbjörg Steindórsdóttir, dóttir Þórbergs, Vilborg Dagbjartsdóttir skáld, Pétur Pétursson þulur og Haraldur Ólafsson mannfræðingur sem fjalla um kynni sín af þeim hjónum. Myndin er sett saman af þeim Hjálvari Heiðdal og Pétri Gunnarssyni rithöfundi en kvikmyndirnar tók Dagur Kári Pétursson árið 2005.

Starf forstöðumanns Þórbergssseturs er nú laust frá og með 1. janúar 2027. Nú að 20 árum liðnum verður gaman að fá nýjar og ferskar hugmyndir að starfinu, - mestu máli skiptir þó að starfsemi Þórbergssseturs sé tryggð til framtíðar.

Þórbergssetur er sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn og skipulagsskrá og starfar sjálfstætt í samvinnu við Menningarmiðstöð Hornafjarðar,

Háskóla Íslands og Rithöfundasamband Íslands. Það er mikilvægt í síbreytilegu og fjölþjóðlegu samfélagi nútímans að halda á lofti menningarverðmætum okkar sem þjóðar - Þar eru án nokkurs vafa bókmenntir og sagnalist ofarlega ef ekki efst á lista. Við þurfum því umfram allt að halda áfram að segja sögur frá liðinni tíð og viðhalda þekkingu forfeðranna á náttúru, sögu og nánasta umhverfi, en jafnframt að færa þær í nútíma form til varðveislu til framtíðar.

Nýjar heimabakaðar tertur verða með kaffinu í sumar og ýmislegt góðgæti á boðstólum auk hefðbundins íslensks matseðils.

Allir velkomnir að koma við í Þórbergssetri, - Þórbergur er alltaf nýr

*Þorbjörg Arnórsdóttir
forstöðumaður*

ÞÓRBERGSSETUR Í 20 ÁR

SUMARSÝNINGAR Á AFMÆLISÁRI

Málverk úr safni Þórbergs og Margrétar sem eru nú í eigu Listasafns A.S. Í verða til sýnis í Þórbergssetri frá og með 26. júní

Breiðamerkursandur í 20 ár

Ljósmyndasýning Þorvarðar Árnasonar í Eystri sal
Opnun tilkynnt síðar

Lífið undir Fellinu

Alice Watterson og Kieran Baxter;
Sýndarveruleiki/stuttmynd úr sögu eyðijarðarinnar Fells

VELKOMIN Í ÞÓRBERGSSETUR



Þórbergssetur

FERÐAFÉLAGIÐ UNDIRBÝR GÖNGUÁRIÐ OG SUMARIÐ Í MÚLASKÁLA

Aðsend grein: Ferðafélag Austur-Skaftfellinga


Starf Ferðafélags Austur-Skaftfellinga hefur verið með hefðbundnum hætti síðustu misseri. Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var í apríl, urðu nokkrar breytingar á stjórn og nefndum. Félagið þakkar þeim sem létu af störfum kærlega fyrir þeirra framlag og býður nýja fulltrúa velkomna til starfa.

Árið 2025 var viðburðaríkt hjá félaginu. Farnar voru sex styttri ferðir um nærumhverfi sveitarfélagsins, auk þess sem félagið tók þátt í geðræktargöngum í Gulum september. Þá var ein ferð farin í samstarfi við Bjarnanesprestakall og séra Stíg, þar sem gengið var fyrir Horn og ferðinni lauk með hugvekju í kirkjuleikmynd við Hafnartanga.

Sæludagar á Lónsöræfum voru einnig á sínum stað og tóku 24 þátt í þeirri ferð, sem nýtur mikilla vinsælda. Ferðafélagið fagnaði jafnframt 45 ára afmæli sínu með utanlandsferð til Skotlands undir leiðsögn Ingu Geirsdóttur. Ferðin var uppseld og afar vel heppnuð, með léttum göngum, skoðunarferðum og fjölbreyttri dagskrá.

Múlaskáli var vel nýttur sumarið 2025. Fyrsti hópur kom 2. júlí og sá síðasti 20. ágúst. Alls voru gistinætur 697 og gestakomur 307. Þótt nokkrar afbókanir hafi orðið vegna veðurs og ófærðar gekk sumarið vel og gestir nutu fegurðar og friðsældar Lónsöræfa.

Ferðanefnd hefur nú sett saman ferðaáætlun fyrir gönguárið 2026. Uppsetningin er að hluta til sveigjanleg, þar sem sumar ferðir verða auglýstar eftir veðri og færi. Félagið hvetur því fólk til að fylgjast vel með auglýsingum á samfélagsmiðlum.



Múlaskáli í Lónsöræfum. Mynd úr vinnuferð sumarsins

Sæludagar á Lónsöræfum verða á sínum stað og er uppselt í þá ferð. Skálaverðir verða í Múlaskála frá 28. júní til 20. ágúst og landvörður verður á svæðinu á sama tíma.

Undirbúningur sumarsins í Kollumúla er einnig hafinn af fullum krafti. Vinnuferð félagsins var farin helgina 12. til 14. júní og tókst afar vel. Veðrið lék við hópinn og góður vinnuandi ríkti alla helgina. Skálinn var þrífinn hátt og lágt, smíðaður pallur, girðing lagfærð þar sem þurfti að þétta á

milli staura og einnig gafst tími til að fara í gönguferð um svæðið.

Bókanir og upplýsingar um Múlaskála má finna á www.gonguferdir.is, með tölvupósti á ferdafelag@gonguferdir.is eða hjá Möggu í síma 868-7624. Árgjald félagsins er 9.900 kr. og innifalin er árbók Ferðafélags Íslands og félagsskírteini sem veitir afslátt í skála, ferðir og ýmsar útivistarbúðir.



Félagar í Ferðafélagi Austur-Skaftfellinga á góðri stundu

HEYRN

Heyrnarþjónusta síðan 2007

534-9600
heyrn.is



Hirðingjarnir

nytjamarkaður

Opið alla fimmtudaga

frá kl. 16:30 - 18:30

& alla laugardaga í sumar

frá kl. 13:00 - 15:00



24. júní kl. 20:00

Sumarmessa
í Hofskirkju

28. júní kl. 11:00

Sumarmessa
í Bjarnaneskirkju

5. júlí kl. 11:00

Sumarmessa
í Hafnarkirkju

5. júlí kl. 20:00

Sumarmessa í
Brunnhólskirkju

29. júlí kl. 20:00

Ólafsmessa í
Kálfafellsstaðarkirkju

5. ágúst kl. 18:00

Sumarhelgistund
í Hafnarkirkju

30. ágúst kl. 14:00

Vígsluafmælistessa
í Hafnarkirkju

Verið velkomin.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Sjá nánar á Facebook þegar nær dregur.

**HAPPY
HOUR**
FRÁ 18-20

**LJÚFFENGT
BARNARL**

GIRNILEGAR GLEÐISTUNDIR Á BARNUM



Við bjóðum upp á léttu og ljúffenga rétti af snakkseðli, alla daga frá 18–22.

Barinn er opinn alla daga frá 16–23 og frá 18–20 eru drykkir á tilboðsverði.

Á Verbúðarbarnum er gott að slaka á og njóta útsýnis yfir sjóinn.

Við hlökkum til að sjá ykkur!

[verbudarbarinn](#)

NÝR VEGUR YFIR HORNAFJARÐARFLJÓT VÍGÐUR

Í dag, miðvikudaginn 24. júní, eru tímamót í samgöngusögu Hornafjarðar þegar nýr kafli í Hringveginum um Hornafjörð er formlega opnaður.

Fáar framkvæmdir hafa verið jafn lengi í umræðunni hér heima og nýi vegurinn, enda um að ræða breytingu sem hefur áhrif á daglegt líf margra, ekki síst íbúa á Mýrum, Suðursveit og í Örafum sem og þeirra sem sækja vinnu og þjónustu á milli svæða.

Með nýja veginum styttist Hringvegurinn um 12 km og leiðin til Hafnar um 14,6 km. Lagðir hafa verið tæpir 19 km af nýjum Hringvegi, auk tengivega og hliðarvega, og byggðar fjórar nýjar brýr yfir Djúpa, Hornafjarðarfljót, Hoffellsá og Bergá. Einnig hefur verið gert hringtorg við Hafnarveg og áningarstaður við Brunnhól.

Aðdragandinn hefur verið langur. Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar voru fyrstu áætlanir lagðar fram árið 2004, en eins og margir muna hófst umræðan hér heima nokkru fyrr. Framkvæmdin hefur í gegnum tíðina verið mikið rædd, meðal annars vegna leiðarvals, umhverfisáhrifa og kostnaðar. Fyrsti áfangi var boðinn út árið 2017 og fólst í gerð um 5 km langrar vegfyllingar. Meginframkvæmdin var síðan boðin út og samið við Ístak sumarið 2022. Framkvæmdir hófust þá um haustið. Með opnun vegarins fækkar einbreiðum brúm á Hringveginum um þrjár.



Brúin yfir Djúpa. Mynd: Vegagerðin

Einhverjir munu eflaust sakna hrossubrúarinnar svokölluðu yfir Hornafjarðarfljót. En hver veit nema það verði í staðinn vinsæll sunnudagsrúntur að aka gamla veginn og rifja upp fyrri tíma.

Kvennakór Hornafjarðar syngur við vígslu vegarins, en kórinn vakti athygli árið 2020 þegar hann söng á öllum einbreiðum

brúm í Austur-Skaftafellssýslu.

Vígslan fer fram á nýju brúnni yfir Hornafjarðarfljót klukkan 15:00, miðvikudaginn 24. júní. Að henni lokinni verður boðið til kaffisamsætis í félagsheimilinu Holti á Mýrum þar sem öll eru velkomin.

GÁS



Mynd frá framkvæmdum árið 2024. Mynd: Vegagerðin


Kæru Hornfirðingar

Til hamingju með nýja veginn



Nýr Hringvegur (1) um Hornafjörð er stór áfangi fyrir samgöngur á svæðinu.

Við þökkum fyrir góða samvinnu og þolinmæði á framkvæmdatímanum.



TUNGUMÁLAKAFFI

Aðsend grein: Eugenie Parent / Jenný

Síðan í apríl hefur Gamlabúð haldið reglulegan viðburð: Tungumálakaffi, notalega samverustund þar sem fólk getur æft íslensku, kynnst nýju fólki og notið kaffis saman. Verkefnið hefur reynst afar vel og við erum mjög ánægð að sjá vaxandi og stuðningsríkt samfélag myndast í kringum það. Takk fyrir!



Tungumálakaffið hefur verið vel sótt

Hugmyndin að Tungumálakaffinu er að skapa hlýlegt og aðgengilegt rými þar sem íslenskumælandi og erlendir íbúar geta hist og átt samtöl á íslensku. Með fjölgun erlendra íbúa í Sveitarfélaginu Hornafirði er enska í auknum mæli notuð í daglegu lífi. Á sama tíma ríkir víðtæk áhyggja á Íslandi um að vaxandi notkun ensku geti ógnað stöðu íslenskrar tungu.



Að læra tungumál þess lands þar sem maður velur að búa og starfa er lyklatríði í aðlögun. Þó að frumkvæðið komi eðlilega frá þeim sem flytja til Íslands er einnig mikilvægt að íslenskumælandi taki þátt og styðji við það ferli. Tungumálakaffið byggir á þessari hugmynd um gagnkvæma þátttöku, skipti og stuðning.

Ein helsta áskorun Tungumálakaffisins

er að hvetja íslenskumælandi til að mæta og taka þátt ásamt þeim sem eru að læra tungumálið. Þessi þátttaka gerir nemendum kleift að heyra eðlilegt íslenskt mál, bæta framburð, auka orðaforða og öðlast meira sjálfstraust í öruggu og styðjandi umhverfi. Hún skapar einnig dýrmæt félagsleg tengsl milli fólks sem annars hefði ekki endilega hist.

Þetta er ekki formleg tungumálakennsla, heldur afslappað og notalegt rými með hlýlegu og vinalegu andrúmslofti. Öll sem tala íslensku eru hjartanlega hvött til að koma og styðja við þá sem eru að læra. Það skiptir miklu máli og stuðlar að því að íslenska haldist lifandi.

Næsta Tungumálakaffi fer fram fimmtudaginn 2. júlí kl. 18:00 í Gömlubúð. Um er að ræða sérstaka "matar- og uppskriftarútgáfu" viðburðarins. Þátttakendur eru hvattir til að koma með eitthvað sem þeir hafa eldað eða bakað

eftir uppskrift frá sínu heimalandi eða menningu (en það er þó alls ekki skylda). Saman æfum við íslensku með því að deila matarhefðum, með sérstakri áherslu á orðaforða tengdum mat, matreiðslu og uppskriftum. Öll eru velkomin. Íslendingar eru hvattir til að mæta, taka þátt, deila íslenskum hefðbundnum uppskriftum og hjálpa öðrum að læra að lesa og skilja uppskriftir á íslensku.

Við stefnum að því að efla tengsl innan samfélagsins og hvetja íslenskumælandi sem hafa áhuga á að gefa smá tíma til að taka þátt í þessu sameiginlega náms- og samverurými.

Æfum íslensku saman! Við hlökkum til að sjá ykkur! Takk kærlega fyrir þátttökuna.

alltaf á sínum stað...



www.asa.is

AFL Starfsgreinafélag | asa@asa.is | Sími/tel. 470 0300

Náttúran kallar!

Landverðir bjóða upp á fjölbreytta dagskrá í Þjóðgarðinum og á friðlýstum svæðum um land allt í sumar. Fræðslugöngur, viðburðir og barnastundir.

Dagskrána má finna á vefsíðu Þjóðgarðsins eða með því að skanna QR kóðann hér.



Velkomin í Vatnajökulsþjóðgarð!



Velkomin á
SUMARMÓT HVÍTASUNNUMANNA

Höfn í Hornafirði
Helgina 26.-28. júní

Sáning og uppskera

Dagskrá helgarinnar

26. júní

17:00 Húmarsúpa í boði kirkjunnar
- Allir velkomnir

20:00 Mótssetning: Halldór Sævar Birgisson
Samkoma - Ræðumaður: Cristiano Oliveira
Kaffi og samfélag á eftir

27. júní

10:00 - 11:30 Lofgjörð 8 bæna
Kennsla: Anna Stefánía

13:00 - 14:30 Fræðslu- og bænaþanga
um Höfn (Gangan byrjar við
Hvítasunnukirkjuna)

17:00 - 18:00 Samsöngur (hörpustrengir)

20:00 Samkoma - Ræðumaður:
Matthildur Þorsteinsd.



28. júní

11:00 Samkoma. Ræðumaður:
Halldór Birgisson

12:30 Barnstund. Húllumhæ við
Hvítasunnukirkjuna

14:00 Mótsslit

Lofgjörð helgarinnar verður í
höndum Hvítasunnukirkjunnar í
Vestmannaeyjum, sannkölluð
tónlistarveisla.

Við hlökkum til að sjá ykkur

Fyrir gistingu viljum við benda á tjaldstæðið á Höfn sem er í göngufæri frá kirkjunni
Allar fyrirpurnir sendist á halldorsb71@gmail.com



VALHÖLL
FASTEIGNASALA

**Eignir óskast til sölu
á Hornafirði**

Hafðu samband og fáðu frítt verðmat

Snorri Snorrason 895 2115
snorri@valholl.is

VIÐBURÐARDAGATAL HVAÐ ER UM AÐ VERA?

Miðvikudagur 24. júní - Humarhátíð

Humarhátíð 2026 samkvæmt útgefni dagskrá

- 15:00 Opnun og vígsla nýja Hringvegarins um Hornafjörð, við brúna yfir Hornafjarðarfjót. Kaffisamsæti í félagsheimilinu Holti að vígslu lokinni
- 17:00 Opinn fundur um framtíðaruppbyggingu við Jökulsárlón, Hrollaugstaðir
- 18:00 Hverfahátíðir, grill og skreytingar í hverju hverfi
- 20:00 Sumarmessa í Hofskirkju
- 20:00 Þjófstart á Humarhátíð, þjórþingó í Golfskálanum

Fimmtudagur 25. júní - Humarhátíð

Humarhátíð 2026 samkvæmt útgefni dagskrá

- 16:00 FLÓ fataverslun Rauða krossins opin til 18:00, Sæbraut 5
- 20:30 Bremsulaus, uppistand með Birnu Rún á Hafinu til 22:00 Miðasala á tix.is
- 22:30 Blúsbræla á Hafinu til 01:00

Föstudagur 26. júní - Humarhátíð

Humarhátíð 2026 samkvæmt útgefni dagskrá

- 13:00 Ólympíudagurinn á Vísisvelli við Hrollaugstaði
- 17:00 Sumarmót Hvítasunnukirkjunnar hefst
- Sumarsýningar á afmælisári Þórbergsseturs hefjast í Þórbergssetri

Laugardagur 27. júní - Humarhátíð

Humarhátíð 2026 samkvæmt útgefni dagskrá

- 10:00 Vígslumót Vísisvallar við Hrollaugstaði, setningarathöfn og frjálsíþróttakeppni
- 10:00 Sumarmót Hvítasunnukirkjunnar
- 11:00 Örafahlaupið hefst frá þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli. Skráning á netskraning.is
- 12:00 Hornafjarðarmanni í Nýheimum
- 12:30 Urban sketchers á hátíðarsvæði
- 13:00 FLÓ fataverslun Rauða krossins opin til 16:00, Sæbraut 5
- 23:00 Stórdansleikur með Færibandinu í íþróttahúsinu. Forsala miða í Sundlauginni

Sunnudagur 28. júní - Humarhátíð

Humarhátíð 2026 samkvæmt útgefni dagskrá

- 08:00 Sjónvá Humarhátíðarmót á golfvellinum
- 10:30 Vígslumót Vísisvallar heldur áfram við Hrollaugstaði
- 11:00 Sumarmessa í Bjarnaneskirkju
- 11:00 Sumarmót Hvítasunnukirkjunnar, samkoma, barnstund og mótsslit
- 11:00 Listasmiðja á vegum Krakkaklúbbsins Kóbru í Gömlubúð til 12:30
- 13:00 Hanna Dís með opna vinnustofu í Miklagarði til 15:00

Þriðjudagur 30. júní

- 13:00 Barnastarf Menningarmiðstöðvarinnar, golf í Hrossó



Föstudagur, 26. júní 06:45 – 21:00
Laugardagur, 27. júní 10:00 – 19:00
Sunnudagur, 28. júní 10:00 – 19:00

Frítt í sund frá 10:00 - 13:00 laugardag og sunnudag.

Gleðilega Humarhátíð!



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Fimmtudagur 2. júlí

- 18:00 Tungumálakaffi í Gömlubúð / Language Café at Gamlabúð
- 20:00 Una Torfa á Hafinu. Miðasala á tix.is

Sunnudagur 5. júlí

- 11:00 Sumarmessa í Hafnarkirkju
- 20:00 Sumarmessa í Brunnhólskirkju

Fimmtudagur 9. júlí

- 20:30 Tónleikar með Björgu Blöndal og Þorkeli Ragnari, ásamt Freyju Dís og Bryndísi Björk, á Hafinu

Fimmtudagur 23. júlí


- 18:00 Tungumálakaffi í Gömlubúð / Language Café at Gamlabúð

Þriðjudagur 28. júlí

- 11:00 Listasmiðja, Krakkaklúbburinn í Gömlubúð til 12:30

Miðvikudagur 29. júlí

- 20:00 Ólafsmessa í Kálfafellsstaðarkirkju, tónleikar með Bjartmari Guðlaugssyni og ganga að Völvuleiðinu ef veður leyfir



Er viðburður framundan sem þú telur að eigi heima hér?

Hafðu samband
eystrahorn@eystrahorn.is

EYSTRAHORN
STYRKJARADILD

Engin lágmarksupphæð



Skannaðu QR-kóðann eða hringdu í síma 867-6604



SUMAR

Miðvikudagur 5. ágúst

18:00 Sumarhelgistund í Hafnarkirkju

Föstudagur 28. ágúst

Skilafrestur fyrir efni og auglýsingar í 7. tbl. Eystrahorns

Sunnudagur 30. ágúst

14:00 Vígsluafmælistessa í Hafnarkirkju

Fimmtudagur 3. september

7. tbl. Eystrahorns kemur út

OPNUNARTÍMAR Á HÖFN 2026

JÚLÍ	ÁGÚST	SEPTEMBER
13. - 15.	17. - 19.	14. - 16.
OKTÓBER	NÓVEMBER	
12. - 14.	16. - 18.	



Tímabókanir á netinu og í síma 570-9090
Frumherji er við Sæbraut 5

Frumherji bifreiðaskoðun - Fyrir mikilvægasta fólkið

FASTIR LIÐIR

Priðjudaga

10:30 Krílakaffi á bókasafninu

13:00 Minigolf FEH við Ekru

16:00 Kvennagolf

Fimmtudaga

16:00 Opið í Fló fataverslun til 18:00

16:30 Opið í Hirðingjunum til 18:30

Laugardaga

10:00 Badminton fyrir 16 ára og eldri í íþróttahúsinu á Höfn. Nánari upplýsingar á Facebook, Badminton Höfn

13:00 Opið í Hirðingjunum til 15:00 alla laugardaga í sumar

14:00 Opið í Fló fataverslun til 16:00 fyrsta laugardag mánaðarins, Sæbraut 5.

(Athugið opið 13:00-16:00 á Humarhátíð)

Sunnudaga

11:00 Badminton fyrir 16 ára og eldri í íþróttahúsinu á Höfn. Nánari upplýsingar á Facebook, Badminton Höfn

13:00 Samkoma í Hvítasunnukirkjunni á Höfn



OPNUNARTÍMI FLÓ FATAVERSLUNAR

JÚNÍ

FIM. 25. JÚNÍ

16:00-18:00

LAU. 27. JÚNÍ

13:00-16:00



Humarhátíð

JÚLÍ

FIM. 2. JÚLÍ

16:00-18:00

LAU. 4. JÚLÍ

14:00-16:00

FIM. 9. JÚLÍ

16:00-18:00

FIM. 16. JÚLÍ

16:00-18:00

FIM. 23. JÚLÍ

16:00-18:00

FIM. 30. JÚLÍ

16:00-18:00

ÁGÚST

LAU. 1. ÁGÚST

14:00-16:00

FIM. 6. ÁGÚST

16:00-18:00

FIM. 13. ÁGÚST

16:00-18:00

Verslunarmannahelgi

FIM. 20. ÁGÚST

16:00-18:00

FIM. 27. ÁGÚST

16:00-18:00

Hægt er að koma með hreinum og vel með farinum fatnað og skó á opnunartíma FLÓ.

Einnig er hægt að fara með fatnað í Gáruna

FLÓ fataverslun

SJÓVÁ

SJÓVÁ - Humarhátíðarmótið 2026

Silfurnessvöllur 28. júní 2026

- 18 holur
- Keppt í þremur flokkum
 - Unglingaflokkur, höggleikur og punktakeppni
 - Kvennaflokkur, höggleikur og punktakeppni
 - Karlaflokkur, höggleikur og punktakeppni
 - Nándarverðlaun, lengsta teighögg og útdráttarverðlaun

Fjöldi glæsilegra verðlauna í boði - sjá nánar í Golfboxinu!

Rástímar frá kl. 8:30 - 10:30 og frá kl. 13:00 - 15:00
Athugið að aðeins er takmarkaður fjöldi rástíma í boði - fyrstir koma fyrstir fá!

Þáttökugjald 6500 kr.
Innifalið teiggjöf og hressing eftir 9 holur
Skráning og nánari upplýsingar í Golfboxinu

KRÓNAN STEFNIR AÐ OPNUN Í NÓVEMBER

Krónan stefnir að því að opna nýja verslun á Höfn í nóvember á þessu ári. Verslunin verður að Hafnarbraut 60A, á svæðinu við gömlu mjólkurstöðina.

Að sögn Guðrúnar Aðalsteinsdóttur, framkvæmdastjóra Krónunnar, hefur undirbúningurinn gengið vel og segir:

”

Við erum mjög spennt að komast inn í húsnæðið eftir verslunarmannahelgi og hefja uppsetningu verslunarinnar. Nú fer verkefnið virkilega að taka á sig mynd og það er mikil tilhlökkun í teyminu.

Verslunin verður um 1.200 fermetrar að stærð, svipuð að stærð og verslanir Krónunnar á Akraþbraut og í Norðurhelli. Þar verður lögð áhersla á bjarta, nútímalega og þægilega verslun með góðu skipulagi, breiðum göngum, góðri lýsingu og umhverfisvænum kælilausnum. Sjálfsafgreiðslukassar verða í versluninni og viðskiptavinir geta nýtt sér Skannað og skundað frá fyrsta degi. Síðar verður verslunin einnig tilbúin fyrir snjallverslun.



Guðrún Aðalsteinsdóttir framkvæmdastjóri Krónunnar

Ferskleiki verður í forgrunni, með stórrí ávaxta- og grænmetisdeild, ferskvörudeild, fjölbreyttu vöruúrvali og áherslu á hagstætt verð.

Guðrún segir Krónuna hafa lengi horft til Hafnar sem spennandi staðsetningar. Samfélagið sé öflugt og í vexti, ferðamennska mikil og aukin samkeppni, meira vöruúrval og öflug þjónusta geti skilað ávinningi fyrir bæði íbúa og gesti. Þá hafi fyrirtækið fundið fyrir sterku ákalli frá íbúum sem hafi lengi kallað eftir Krónuverslun á Höfn.

Opnun verslunarinnar mun einnig skapa ný störf á svæðinu. Þegar hafa verið ráðnir verslunarstjóri og vaktstjóri, sem hafa starfað hjá Krónunni um nokkurt skeið. Á næstu vikum og mánuðum verður ráðið í fleiri stöður og gert er ráð fyrir að verslunin skapi 12 til 15 stöðugildi í upphafi.

Aðspurð hvort sérstök áhersla verði á vörur beint frá bónda eða frá framleiðendum á svæðinu segir Guðrún að það sé eitthvað sem Krónan vilji gjarnan skoða.

„Við höfum átt farsælt samstarf við íslenska framleiðendur víða um land og það skiptir okkur miklu máli að geta boðið viðskiptavinum upp á sem mest af góðri íslenskri framleiðslu. Við viljum að verslunin endurspegli sitt nærumhverfi og erum þegar farin að ræða við aðila á svæðinu.“ segir hún.

„Við erum gríðarlega spennt fyrir því að opna Krónuna á Höfn. Það er okkur mikilvægt að verða hluti af samfélaginu, skapa störf og byggja upp traust langtímasamband við íbúa svæðisins,“ segir Guðrún.

GÁS



Unnið er að því að klára húsnæðið fyrir haustið en verslunin verður um 1.200 fm. Mynd: Krónan

Hreyfum samfélagið til framtíðar



Með virðingu fyrir náttúruauðlindinni aukum við verðmætasköpun og lífsgæði hringinn í kringum landið og hreyfum samfélög stór sem smá, til framtíðar.

ÞRJÁTÍU ÁR FRÁ ÞVÍ AÐ HUGMYNDIN KVIKNAÐI

Greinarhöfundur: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Hornafjarðarmanni hefur lengi átt sinn sess í spilamenningu Hornfirðinga, hvort sem spilað er heima við eldhúsborð, á Humarhátíð eða á öðrum mannamótum. Sjálf lærði ég spilið á unglingsárunum og hef síðan mætt á mörg mannamót, bæði á Höfn og í Reykjavík.

Hornafjarðarmanninn var farinn að gleymast þegar Albert Eymundsson tók sig til í kringum 100 ára afmæli Hafnar árið 1997, skráði reglurnar, gaf út sérstakan spilastokk og kom á keppnisformi sem hefur að nokkru leyti haldið síðan.

Í tilefni Humarhátíðar rifjar Albert upp hvernig hugmyndin kviknaði, hvernig Hornfirðingar tóku spilinu og hvernig Hornafjarðarmanninn varð aftur hluti af lífandi spilamenningu bæjarins.

Hver var aðdragandinn að því að þér datt í huga að gera Hornafjarðarmannann að keppnispli?

Hugmyndin kviknaði árið 1996 eftir að farið var að auglýsa hátíðarhöld í tilefni af hundrað ára byggðarafmæli Hafnar 1997. Afmælisnefndin auglýsti eftir hugmyndum sem gætu átt heima í dagskrá hátíðarhaldanna. Ég var reyndar ekkert sérstaklega með það í huga þegar við fjölskyldan dvöldum í sumarbústað uppi í Lóni. Anna Kristín dóttir okkar þá 16 ára var með okkur ásamt Auði



Albert með Humarskálina



Óddi Tobbalingur (Örn Þór Þorbjörnsson) heimsmeistari ánægður með sig í skruðgöngu með Humarskálina. Mynd úr safni Leikfélags Hornafjarðar

Jónsdóttur vinkonu sinni. Þá voru ekki farsímar við höndina til að drepa tímann og upp úr þurru segir Anna Kristín; „Pabbi viltu spila við okkur Hornafjarðarmanna?“ Hún og Auður sem er af miklu spilafólki, Snjólfunum, kunnu spilið. Eftir nokkur spil smelli ég fingri og segi; „Hér er komin hugmynd, keppni í Hornafjarðarmanna.“ Ég fór síðan að útfæra hugmyndina og sá að hún var framkvæmanleg en varð að vera einföld. Ég sendi afmælisnefndinni hugmyndina og fékk til baka að nefndin vildi kanna möguleikann á að fá fólk til að koma saman og spila Hornafjarðarmanna. Ég hafði aðrar hugmyndir og bauðst til að bera alla ábyrgð á framkvæmd og kostnaði við hugmyndina. Eftir nokkur tilraunamót datt ég niður á formið eins og það er í dag. Margir voru hjálplegir og tilraunadýrin þolinmóð. Svo treysti ég alltaf á Palla á Fiskhól (Sigurpál Ingibergsson) og bar undir hann álitamál.

En svo gafstu út sérstök spil?

Fljótlega sá ég fyrir mér að hægt væri að þróa hugmyndina áfram og gefa út sérhönnuð spil með humrinum og setja í tvöfaldan spilabakka með spilastokknum,

reglunum á fjórum tungumálum, skorkortum og stuttri kynningu á Hornafirði.

”

Hugmyndin var að skapa jákvæða kynningu á Hornafirði m.a. notuðu ferðamálasamtökin hér yfir 200 fría spilastokka frá mér til að dreifa á ferðamálakynningum.

Hvernig kemur það til að spilið er kennt við Hornafjörð?

Mér fannst áhugavert að kanna tilurð spilsins og nafngift þess. Við eftirgretnslan, aðallega í viðtölum við eldra fólk, komst ég að því að séra Eiríkur Helgason (1892-1954) í Bjarnanesi var talinn höfundur þessa spilaafbrigðis. Allir sem ég ræddi við og þekktu Eirík könnuðust við spilaáhuga hans.



Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF tekur við styrknum

Eru spilarreglur í Mannanum flóknar miðað við önnur spil?

Kostir Hornafjarðarmannans eru að spilið er einfalt en samt ákveðin fjölbreytni sem gerir spilið ekki leiðigjarnt. Spilið er fjölskylduvænt þar sem allir geta spilað það. Þó hafa vanir spilamenn forgjöf á byrjendur. Í Hornafjarðarmanna er dregið um sögnina og getur komið upp grand og nóló ásamt trompi en aðeins tromp í öðrum afbrigðum og þar er sögnin alltaf ákveðin fyrirfram og regluleg. Manni var mjög mikið spilaður á mínu heimili og hjá nágroñnum okkar en með breytingum á högum fólks hefur dregið úr spilamennsku almennt og Hornafjarðarmanninn var farinn að gleymast. Roskið fólk sem spilaði Mannann var farið að ryðga í reglunum og það heyrði til undantekninga að ungt fólk þekkti spilið.

Hvaða mót eru haldin í Hornafjarðarmanna í dag?

Fyrst skal telja mótin sem ég byrjaði með. Heimsmeistaramótið 1997 er að sjálfsögðu eftirminnilegast enda mættu 300 spilarar í stóra tjaldið á bryggjunni. Nokkrir bridsspilarar komu til mín eftir keppnina og sögðust hafa búist við allsherjar klúðri og sögðust bara ekkert skilja í því hvernig þetta gat gengið snurðulaust fyrir sig. Í framhaldinu kom Hornafjarðarmeistaramót í lok desember og Íslandsmeistaramót í Reykjavík eftir áramót. Það er löngu orðið hefð að spila Hornafjarðarmanna á opnum dögum hjá Framhaldsskólanum sem

er ánægjuleg viðbót. Svo hafa margir notað keppnisformið við ýmis tækifæri. Á Unglingalandsmóti UMFÍ 2007 var ég beðinn um að halda Mannamót. Mig langaði að hafa einhvern sérstakan tilgang sem minnti á aðstæður barna og þá var nærtækt að gefa ágóðann til styrktar UNICEF. Vegna áheita frá Skinneyþinganesi söfnuðust 200 þúsund krónur en 250 tóku þátt. Það var því viðeigandi að keppendur á mótinu þau Siggerður Aðalsteinsdóttir og Maríus Sævarsson afhentu styrkinn og auk þess aðstoðaði Maríus afastrákur minn við mótshaldið og kenndi fólk leikreglurnar. Heims-, Íslands- og Hornafjarðarmeistaramót hafa verið haldin árlega síðan nema í Covid. Þá er hægt að sjá spilarreglurnar á netinu og meira að segja spila Mannann á heimasíðu GAMERULES.

Væntanlega hefur verið nokkur vinna í kringum þetta?

Ég skal viðurkenna að það fór ótrúlega mikill tími í hugmyndavinnuna og allan undirbúning. Ég lagði mikla áherslu á að leita til fagfólks t.d. Jónasar Braga Jónassonar við gerð Humarskálarinnar, Kristbjargar Guðmundsdóttur sem hannaði gripinn fyrir Íslandsmótið og Jóns Halldórs (Nonna gull) sem gerði verðlaunagrip fyrir Hornafjarðarmeistaramótið. Þá hafa ýmsir aðstoðað mig m.a. með þýðingar á reglunum og alltaf hefur verið auðvelt að safna verðlaunum.

Hvernig tóku Hornfirðingar spilinu þegar það var endurvakið?

Þessir 300 spilarar sem tóku þátt í fyrsta mótinu segja allt sem segja þarf. Sömuleiðis undirtektir varðandi spilaútgáfuna og sölu á þeim til einstaklinga og fyrirtækja sem keyptu töluvert í forsölu og tryggðu að ég treysti mér í útgáfuna.



Fyrir utan hvað málið er jákvætt á margan hátt þá er ég sérstaklega ánægður fyrir að hafa tryggt að Hornafjarðarmanninn er ekki alveg gleymdur.

Að lokum vil ég fá að þakka öllu því góða fólk sem hefur tekið þátt í þessari ánægjulegu vegferð.



Hér eru spilarar sem mættu reglulega bæði á Höfn og í Reykjavík að spila til úrslita á Íslandsmóti 2012. Þórgímur Guðmundsson, Þóra (Bebba) Sigurðardóttir og Kristján Þórðarson úr Uppsveitum Árnessýslu

HUMARSÚPAN MÍN

Aðsend grein: Sturlaugur Þorsteinsson

Ég átti því láni að fagna að fá pláss á humarbát flest mín táningssumur – og átti því margar góðar stundir út af suðurströndinni, og þá ekki síst Hornafirði. Aldrei nýttum við humarinn til matseldar um borð, og má mörgum það einkennilegt virðast.

Humarréttum og -súpu kynntumst við Helga fyrst þegar við fluttum til Hafnar árið 1983. Þá voru dýrleg ár framundan, raunar að öllu leyti.

Við fórum að prófa okkur áfram í humarsúpugerð – og í árána rás höfum við þróað það sem okkur finnst besta humarsúpa heims, hvorki meira né minna!

Galdurinn er að láta humarinn njóta sín og forðast sterk krydd. Aldrei höfum við mælt nákvæmlega.

Við skelflettum humarinn og eigum stundum humarskeljar í frysti til viðbótar. Eftir að hafa brotið þær rækilega steikjum við þær í smjöri (ekki spara það um of), söltum og sjóðum í vatni í góðan tíma, þannig að við náum örugglega kraftinum úr.

Þá gerum við hefðbundna smjörbollu, sem sagt slatti af hveiti og smjöri. Soðið er síðan hrært saman við bolluna í smá slöttum. Hendi einum fiskteningi út í, eða



Stulli ásamt Helgu Lilju á góðri stund á Spáni



Besta humarsúpa í heimi samkvæmt þeim hjónum

tveimur. Hvítvíni bætt við, allt eftir því hvað maður tímir. Slettum af koníaki, ef ekki er búið að klára það.

Þá smá tómatsósa – gerir líka gott fyrir útlitið. Örlítið af Ceyanne pipar – fara varlega! Salta og pipra eftir smekk. Og svo rjómi – eiga örugglega nóg af honum, en passa að humarinn fái að njóta sín.

Hitað þar til suðan kemur upp. Slökkva á hellunni og demba skelflettum humrinum út í.

Tilbúið með góðu heimabökuðu brauði.



Uppskrift að heimabökuðu brauði Helgu

- 4 dl ylvolgt vatn
- 2-4 msk matarolía (má sleppa)
- 1 tsk salt
- 2-3 msk hunang / sykur (má sleppa)
- 5 tsk þurrger
- hveiti eftir þörfum (ekki of mikið)

Öllu nema hveiti og olíu blandað saman. Hveiti sett smátt og smátt saman við og allt hnoðað í hrærivél. Olían sett út í undir lokin. Hnoðað þangað til deigið festist ekki við fingurna. Skipt í 16-24 jafna hluta og formað í bollur. Látið lyfta sér undir rökum klút um sirka helming. Bakað ofarlega við 200° þar til fallega gyllt.

Einnig má vefja deiginu utan um grillpinna, eða forma í litlar flatbökur og baka á grilli. Sett beint á grillið og snúið öðru hvoru. Grillað þar til fallega gyllt.

A cartoon lobster character with a smiling face, wearing a red bow tie, and holding its claws. It is set against a circular orange and red background.

Glacier lagoon

*Gledilega
hátið!*

www.icelagoon.is

ÞAÐ ER GAMAN AÐ VERA MEÐ - MORÁVEKPALLURINN

Aðsend grein: Kristín Gestsdóttir

Sumarið 2017 stóð Húmarhátíðin á ákveðnum krossgötum má segja, það var mikilvægt að halda hana að okkar mati. Við eigum að eiga bæjarhátíð sem dregur til okkar gesti, gesti sem vilja vera saman og skemmta sér. Það er ekki sjálfgefið að fá einstaklinga til að halda hátíð eða gefa af sér heila helgi í sjálfboðavinnu.

Þess vegna fórum við í þá vegferð að finna út úr því hvað við gætum gert fjölskyldan á Ránarslóð til að bjóða upp á eitthvað fyrir bæjarbúa án þess að vera að trufla eiginlega dagskrá hátíðarinnar og auka fjölbreytni í viðburðum. Þannig verður Morávekpallurinn til sumarið 2017.



En hvað einkennir okkar fjölskyldu og hvað getum við lagt til sem aðrir hafa áhuga á. Þetta var svo sem enginn hausverkur. Lá eiginlega í augum uppi. Það sem einkennir okkur er tónlistin og einlægur mataráhugi. Þetta sumar var til húmar og hljóðfæri á heimilinu. Því varð það úr að setja hljóðfæri á pallinn okkar og fíra undir grillinu. Öllum sem komu var velkomið að grípa í hljóðfærin og spila. Haldin var djammssession og þeir tónlistarmenn sem komu fram voru: Marteinn Eiríksson trompet, Þorkell Ragnar Grétarsson gítar, Birgir Freyr Elvarsson bassa, Jóhann Morávek saxaphone, Sturlaugur Þorsteinsson hljómborð, Heiðar Sigurðsson hljómborð, Salóme Morávek söngur og Haukur Ingólfsson trommur, öll eru þau tengd Hornafirðinum á einhvern



Hljómsveitin Dóпамín kom fram á Morávekpallinum árið 2025

hátt. Því var það sumarið 2018 þegar ég var í Húmarhátíðarnefndinni þá tókum við þá ákvörðun að allir gætu boðið upp á pallapartý á laugardeginum utan hefðbundinnar dagskrár. Eitthvað var um það að opnir pallar væru á heimilum en þetta hefur ekki fest sig í sessi nema á Morávekpallinum sem hefur verið óslitið síðan 2017 að undanskildu einu sumri 2022.



Aðeins einu sinni á þessum árum hefur pallurinn færst inn í stofu, það var hreinlega ekki hundi út sigandi.

Þá voru það Salóme Morávek og Sædis Harpa Stefánsdóttir sem spiluðu fyrir gesti þá var fátt í stofunni á Ránarslóð um 20 manns sem komu. Konan barðist í rigningunni við grillið. Við erum ekkert að gefast upp þó móti blási.

Það hefur alltaf verið hægt að vera úti þessi árin, við klæðum okkur eftir veðri og tökumst á við það.

Alls hafa listamennirnir verið 33 sem hafa haft viðkomu á pallinum í gegnum árin en inni í þeirri tölu eru alls ekki allir sem hafa komið við og gripið í hljóðfæri. En þeir eru æði margir.

Gestirnir sem hafa komið eru á milli 300 og 400, ekki hefur verið haldin gestabók yfir þá því er þetta eins og svo margt annað hrein ágiskun.

Fjölmenasti pallurinn er sennilega sumarið 2021 en þá var Una Stef og SP74 að spila. Þá voru milli 80 og 90 manns sem mættu.

Vissulega má segja að við þekkjum nokkra tónlistarmenn sem hafa gefið af sér á Morávekpallinum. En upphaflega hugmyndin er sú að einhver sem kemur fram með sveitinni verður að hafa tengingu við Hornafirð. Þar hafa börnin okkar sterka tengingu og vinir þeirra.

Morávekpallurinn hefur undið upp á sig en sumarið 2024 þegar Teitur Magnússon var hér þá var um leið myndlistasýning. Listamaðurinn Dagur Benedikt Reynisson var með sýningu. Þetta fannst mér styrkja þessa uppákomu og 2025 þá bauð ég myndlistamönnum á Hornafirði að vera með sýningu hjá

okkur, meðan hljómsveitin Dóþamín spilaði. Við ætlum að halda áfram að bjóða listamönnum til okkar og í ár er það leirlistakonan Birna Jódís Magnúsdóttir sem ætlar að vera með sínar vörur á pallinum.

Hljómsveitin í ár er með sterka tengingu við okkur heimilisfólk en þar spilar Sólveig Morávek. En hljómsveitin Látún er með skemmtilegri hljómsveitum sem ég hef hlustað á. Því miður missi ég yfirleitt af þeirra tónleikum þannig að ég brá á það ráð að fá þau til okkar og ætla svo sannarlega að njóta.

Það er ekki alveg einfalt að halda þennan viðburð eins og hann er orðinn í dag. En undanfarin ár hefur Húmarhátíðin stutt við bakið á okkur með því að nýta tónlistarmennina í að koma fram á hátíðinni sjálfri. Menningarmiðstöð Hornfjarðar aðstoðaði okkur á covid árunum þegar engin hátíð var en aðrar upptökur voru styrktar.

Þau fyrirtæki sem komu að þessu í fyrra og í ár fá þúsund þakkir frá okkur hjónum um að gera okkur kleift að koma þessu á koppinn. Húmarhátíðarnefndin kemur að þessu líka í ár og ætla Látún að styrkja Lúðrasveit Hornfjarðar og spila í Húmarsúpunum og á hátíðarsvæðinu á föstudeginum. Þannig náum við að tengja þetta saman allt.

Árið 2027 á Morávekpallurinn 10 ára afmæli og þá verður húllumhæ, við erum þegar byrjuð að skipuleggja hann þar verða kannski fleiri upptökur alla helgina eða stórtónleikar en allt fer það fram á pallinum okkar góða. Til hvers að



Teitur Magnússon spilaði fyrir gesti árið 2024

eiga pall ef þú býður engum heim? Til hvers að skemmta alltaf bara sjálfum sér? Við viljum skemmta öðrum líka



Una Stef & the SP74 troðfylltu pallinn sumarið 2021

FÓLKID Á BAK VIÐ HUMARHÁTÍÐ

Humarhátíðarnefndin í ár er skipuð níu öflugum einstaklingum, þar af nokkrum sem hafa staðið vaktina síðustu ár og nokkrum nýjum andlitum. Saman mynda þau hópinn sem heldur utan um undirbúning hátíðarinnar og vinnur að því að skapa skemmtilega dagskrá fyrir heimafólk og gesti.

Nefndarfólk segir starfið bæði krefjandi og gefandi. Það skemmtilegasta sé að fá að vera hluti af góðu teymi, vinna með frábæru fólki og taka þátt í að móta viðburð sem skiptir samfélagið miklu máli. Þar fái ólíkir styrkleikar að njóta sín, hvort sem það er í skipulagi, samskiptum, fjármögnun, dagskrárgerð, auglýsingum eða samfélagsmiðlum.

Það sem kemur mörgum á óvart er hversu mikil vinna liggur að baki hátíð sem þessari. Margt þarf að ganga upp áður en gestir mæta á svæðið og fjölmörg smáatriði þarf að leysa áður en hátíðin getur hafist. Það þarf að huga að kostnaði, styrkjum, leyfum, kynningu, viðveru á hátíðinni og öllum litlu hlutumum sem flestir hátíðargestir taka kannski aldrei eftir.

Nefndarfólk hlakkar til að njóta hátíðarinnar með öðrum, hvort sem það er á tónleikum, uppstandi, balli, í súpurölti, við matarvagnana eða einfaldlega í góðri stemningu með íbúum og gestum.

Um leið vill nefndin hvetja fólk til að íhuga að bjóða sig fram í Humarhátíðarnefnd á næsta ári. Starfið er skemmtilegt, fjölbreytt og gefandi, en hátíðin verður aðeins til vegna þess að fólk er tilbúið að leggja hönd á plóg. Það skiptir máli að fá inn nýjar hugmyndir, ólíka reynslu og fólk sem vill taka þátt í að halda þessari mikilvægu hátíð lifandi.

Humarhátíð er hátíð okkar allra, en hún verður ekki til án fólksins sem stendur á bak við hana.

GÁS



Kassabílarall Landsbankans er fastur liður á Humarhátíð. Mynd: Hörður Þórhallsson



Humarhátíðarnefnd 2026.
Uppi frá vinstri: Róslín Alma Valdemarsdóttir, Svandís Perla Snæbjörnsdóttir, Heiðrún Ásta Torfadóttir, Katrín Birta Björgvinsdóttir, Birna Jódís Magnúsdóttir, Anna Ragnarsdóttir Pedersen, Þórdís María Rossiter Einarsdóttir, Sigríður Þórunn Þorvarðardóttir og Emil Örn Moravék



Kassabílarall Landsbankans

Kassabílarall Landsbankans á Humarhátíð verður haldið **laugardaginn 27. júní kl. 13.00** við Landsbankann. Við hvetjum alla krakka á aldrinum 6-12 ára að taka þátt.

Skráning er hafin í útibúi Landsbankans og stendur fram á keppnisdag. Keppt verður um flottasta, frumlegasta og hraðskreiðasta bílinn.

Allir þátttakendur fá viðurkenningu.



AFL Starfsgreinafélag óskar Hornfirðingum og gestum gleðilegrar Humarhátíðar

www.asa.is

AFL Starfsgreinafélag | asa@asa.is | Sími/tel. 470 0300



GLEÐILEGA HUMARHÁTÍÐ



PAKKHÚS
· RESTAURANT ·



WWW.PAKKHUS.IS

LITRÍKT GÖTULEIKHÚS

VIÐTAL VIÐ GUÐJÓN SIGVALDASON

Greinarhöfundur: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Margir muna eftir litskrúðugum skróðgöngum sem fylgt hafa Humarhátíðinni í gegnum tíðina. Óhætt er að fullyrða að þær hafi sjaldan verið skróðugri en þegar haldið var upp á 100 ára afmæli byggðar á Höfn á Humarhátíðinni árið 1997. Þá var efnt til sannkallaðrar karnival-skrúðgöngu sem margir muna vafalaust vel eftir.

Skrúðgangan er enn fastur liður á hátíðinni, þótt mismikið hafi verið lagt í hana síðustu þrjá áratugi og inn á milli hafi hún jafnvel legið niðri. Síðustu ár hefur hún þó verið á uppleið á ný, þar sem íbúar hafa fengið að sjá ýmsar kynjaverur og eldgleypa undir fögrum tónum lúðrasveitarinnar.

Nostalgían lifir greinilega enn og margir væru eflaust til í að upplifa þessa göngu aftur. Af því tilefni hafði Eystrahorn samband við Guðjón Sigvaldason leikstjóra, sem kom að mótun götuleikhúss og ýmissa uppákoma á Humarhátíð á þessum árum, í samstarfi við öflugan hóp úr Leikfélagi Hornafjarðar.

Tengsl Guðjóns við Höfn hófust haustið 1993 þegar Kristín Gestsdóttir, þá formaður Leikfélags Hornafjarðar, hafði samband við hann og bauð honum að koma og leikstýra hjá félaginu. Úr varð að Leikfélagið setti upp Djöflaeyju Einars

Kárasonar, sem sýnd var í Sindrabæ árið 1994 við miklar vinsældir. Síðar

sama ár var sýningin flutt fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu eftir að hafa verið valin athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.

Á sama tíma var Humarhátíðin að mótast, en hún var fyrst haldin sumarið 1993. Árið eftir kom Leikfélag Hornafjarðar með enn meiri hætti að hátíðinni og Guðjón tók þátt í að móta skróðgöngur og alls kyns uppákoma sem settu svip á hátíðina á þessum árum. Hann hafði þá þegar góða reynslu af götuleikhúsi, meðal annars sem einn af stofnfélögum fyrsta götuleikhúss Íslands, Svarts og Sykurlaus.

Guðjón réðst ekki á garðinn þar sem hann var lægstur og hóf að kenna fólki á stultur, auk eldgleypinga og eldblásturs.



Hátíðin var um tíma haldin á bryggjunni á Höfn. Mynd: Leikfélag Hornafjarðar

”

Í gegnum reynslu mína af götuleikhúsi gat ég kennt þetta, en það höfðaði auðvitað helst til ungu töffara plássins, segir Guðjón.

Fiskhóll og húsnæði leikfélagsins þar urðu að eins konar miðu verkefnisins, þar sem unnið var að búningum, hugmyndum og æfingum fyrir hátíðina. Að baki stóð, að sögn Guðjóns, gifurlega sterkur og samhentur hópur. „Skrúðgöngurnar voru sumar undir minni stjórn en aðrar undir stjórn Kristínar Gestsdóttur. En við unnum alltaf saman af heilindum, til gleði og skrauts þessarar einstöku bæjarhátíðar.“

Þegar Guðjón er spurður hvaða atburði hann muni helst eftir frá þessum tíma í kringum Humarhátíðina nefnir hann eitt atriði sérstaklega. „Sennilega er mín gleðilegasta, sem og súrrealíska, minning þegar ákveðið var að skapa Von Trapp fjölskylduna á reiðhjólum, à la Sound of Music,“ segir Guðjón. Hópurinn ferðaðist um bæinn á hjólum, söng lög úr söngleiknum og var klæddur gardínuklæðnaði sem saumaður var í anda Julie Andrews í kvikmyndinni.



Guðjón fyrir miðri mynd í skróðgöngunni á 100 ára afmæli Hafnar. Mynd: Leikfélag Hornafjarðar



Mikið var um skemmtilega búninga á hátíðinni. Mynd: Leikfélag Hornafjarðar

Guðjón segir að Höfn hafi verið virkilega lifandi og spennandi bæjarfélag á þessum tíma og vonar að svo sé enn. „Fólkið er opið, skapandi, frjálst og að mínu mati ekki of kreddufullt.“

„Það var alveg gífurlega gaman að fá að skapa svona uppákomur í bænum,“ segir Guðjón. Hann segir þó að sum atriðin hafi vakið umtal og að einhverjum hafi þótt hann ganga full langt í túlkun sinni á bæjarlífinu. Í heildina hafi þessu þó verið vel tekið og sjálfur hafi hann haft gaman af því að fá sinn skerf af háði á þorrablótum bæjarfélagsins.

Þátttaka íbúa var með besta móti á þessum árum, ungir sem alnir og fólk úr öllum kimum samfélagsins. „Það fallega við þessa vinnu var að öllum, ÖLLUM, var velkomið að vinna með okkur, það var ekki farið í manngreiningarálit,“ segir Guðjón. Hann segir þetta hafa þjappað hópnum saman og gert þennan hluta hátíðarinnar að því sem hún varð.

Guðjón vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í því að skapa Humarhátíð með sér. „Það var alveg ofboðslega gaman að vinna með ykkur, og ef tækifæri gæfist væri ég til í það enn og aftur.“

Þegar Eystrahorn spurði Guðjón hvort hann vildi einhverju bæta við sagði hann: „You kids out there, there is a way, follow the rainbow.“



Skrúðgangan var litrík árið 1997. Mynd: Leikfélag Hornafjarðar



Guðjón Sigvaldason. Aðsend mynd



Eldgleypir á Humarhátíð 1997. Mynd: Leikfélag Hornafjarðar

SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

ÓSKAR HORNFIRÐINGUM OG GESTUM OKKAR
GLEÐILEGRAR HUMARHÁTÍÐAR!



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR